

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 30. júní 2025 kl. 13:00 var haldinn 366. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir að hluta, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Helena Guðrún Guðmundsdóttir.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri, Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála og Íris Lind Sæmundsdóttir lögmaður, þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir. Elín og Ragnhildur Alda tóku þátt um fjarfundabúnað.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 30.06.2025, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF365 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Fjármál. Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála lagði fram og kynnti uppgjör Orkuveitunnar fyrir maímánuð. Umræður.
4. Klukkan 13:44 mætti Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar og kynnti upplýsingar frá ON um gufubúskap.
Ragnhildur Alda mætti til fundarins kl. 14:00.
5. Klukkan 14:00 mættu til fundarins þau Stefan Willerslev, Gabriel Rosengren og Rebecka Otter frá ráðgjafafyrirtækinu Implement og kynntu verkefnið Mylluna. Stjórn samþykkir að hefja samtal við eigendur um verkefnið áður en lengra verður haldið með útfærslu þess.
6. Klukkan 15:03 mættu Hera Grímsdóttir, framkvæmdastjóri Rannsókna og nýsköpunar, Sigurður Hafsteinn Markússon, leiðtogi djúpnýtingar og Arna Pálsdóttir forstöðukonu nýsköpunar auðlinda til fundarins og kynntu djúpnýtingarvegferð Orkuveitunnar.
7. Klukkan 15:30 mætti Sigurður Harðarson ráðgjafi frá Centra til fundarins og kynnti áhrif af fyrirhuguðum auknum álögum opinberra aðila á orkuvinnslu og -notkun á orkukostnað heimila og almenns markaðar.
8. Klukkan 16:00 mættu til fundarins Einar Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans og Þórður Ólafur Þórðarson, Valur Fannar Þórsson og Jón Friðrik Guðjónsson frá fyrirtækjaráðgjöf Arion banka. Þeir kynntu drög að tillögu til hluthafafundar og eigenda varðandi Ljósleiðarann. Umræður.

9. Klukkan 17:25 mætti Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnisstjóri til fundarins og gerði grein fyrir rýni á mikilvægisgreiningu Orkuveitunnar og minnisblaði frá starfshópi, dags. 30. júní 2025.
10. Forstjóri gerði grein fyrir framkvæmd stefnu Orkuveitunnar og forgangsöröðun áherslna næstu 12-18 mánaða og óskaði ábendinga og athugasemda frá stjórn fyrir næsta fund, sem haldinn verður í ágústmánuði.
11. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 25. júní 2025 lagt fram.
12. Dótturfélög. Eftirfarandi stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda lagðar fram til upplýsingar:
 - Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 10.06.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar Veitna 167 dags. 21.05.2025
 - Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr. 241 dags. 26.05.2025.
 - Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 27.06.2025.
 - Minnisblað framkvæmdastjóra ON dags. 28.05.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar ON 75 dags. 23.04.2025
 - Minnisblað framkvæmdastjóra ON dags. 25.06.2025.
 - Fundargerð stjórnarfundar ON 76 dags. 28.05.2025
 - Minnisblað framkvæmdastýru Carbfíx dags. 05.06.2025.
13. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 30.06.2025, auk fylgiskjala.
14. Önnur mál. Stjórn ákvað að fara í vettvangs- og skoðunarferð á Hellisheiði.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:40.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. ágúst 2025.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Skúli Þór Helgason
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir,
Helena Guðrún Guðmundsdóttir.